

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1897

komudagur 6 15 1996

3. maí 1996

**Umsögn stéttarféлага háskólamanna, sem starfa hjá Pósti og síma, um  
frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts- og  
símamálastofnunar.**

Skv. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hlutafélagið yfirtaki allar skuldbindingar stofnunarinnar. Stéttarfélagin telja að þetta feli í sér að hlutafélagið beri hliðstæða ábyrgð á réttindum og kjörum starfsmanna eins og öðrum skuldbindingum stofnunarinnar og yfirtaki kjarasamninga fjármálaráðherra við stéttarfélög starfsmanna út gildistíma samninga, þ.e. til 31.12. 1996. Eftir það geti aðilar samið um öll atriði kjara og réttinda eins og gert er á almennum vinnumarkaði. Þessi framgangsmáti er í samræmi við efni laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti.

Til þess að árétta hvað í þessari yfirlýsingu felst má nefna:

1. Óskert réttindi. Starfsmenn njóta í dag réttinda skv. l. nr. 38/1954 sem m.a. taka til ráðningarréttinda, veikindaréttar og réttar til barnburðarleyfis. Við yfirlýsingu grunnskóla til sveitarfélaga er starfsmönnum tryggð óskert réttindi með sérstakri lagasetningu, sbr. samkomulag við kennarafélögin og frumvarp sem nú liggur fyrir alþingi. Verði formbreyting á rekstri Pósts- og símamálastofnunarinnar skv. frumvarpinu gilda lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ekki sjálfkrafa. Til að tryggja þessi réttindi þarf að gera samsvarandi lagabreytingu og gerð er vegna flutnings grunnskólans eða, sem einfaldara væri, að kveða á um þetta með skýrum hætti í 1. gr. frumvarpsins um Póst og síma.
2. Óskert lífeyrisréttindi. Starfsmenn njóta í dag réttar til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. 3. gr. nr. 29/1963. Við yfirlýsingu grunnskóla til sveitarfélaga er starfsmönnum tryggð óskert lífeyrisréttindi með sérstakri breytingu á 3. gr. laga um lífeyrissjóðinn. Sama þarf að gera um starfsmenn Pósts og síma ef tryggja á þeim óskert lífeyrisréttindi og ávinnsurétt til frambúðar.

Á samráðsfundum fulltrúa samgönguráðherra og starfsmanna stofnunarinnar hefur komið fram að ráðuneytið túlkar þennan flutning réttinda á mun þrengri hátt en skv. ofangreindu. Ef skilningur Alþingis er sá að starfsmenn eigi að halda óskertum réttindum þarf að taka af öll tvímæli um það.

Stéttarfélög háskólamanna við Póst og síma vekja sérstaka athygli á 13. gr. frumvarpsins m.t.t. réttarstöðu starfsmanna. Sú kvæðing sem nýi rekstaraðilinn á að undirgangast, þ.e. "að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn" sem nána verður útfærð í reglugerð ráðherra má ekki fela í sér skerðingu á samnings- og verkfallsrétti þeim sem gildir um starfsmenn fyrirtækja á almennum markaði, sbr. l. nr. 80/1938 og 87. samþykkt Alþjóðavinnuástandslögunarinnar. Í þessu sambandi má vekja athygli á álitserð Lagastofnunar Háskóla Íslands til félagsmálanefndar Alþingis dags. 28. apríl 1996 varðandi samningsrétt stéttarfélaga.

Fyrir hönd stéttarfélaga háskólamanna við Póst og síma.

